

Akureyrarbær  
b.t. bæjarráðs  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

Akureyri, 25. september 2017

### **Efni: Beiðni um styrkveitingu**

Með bréfi þessu óska Neytendasamtökin eftir framlagi til að styðja við starfsemi samtakanna.

Neytendasamtökin hafa í 64 ár sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur m.a. með því að aðstoða þá við að leita réttar síns sé á þeim brotið. Félagsgjöld um 8.000 félagsmanna standa að mestu undir rekstri starfseminnar. Neytendasamtökin sinna margvíslegri og mikilvægri þjónustu fyrir neytendur og leigjendur með þjónustusamningum við ríkið. Neytendasamtökin líta á þessa þjónustu sem samfélagslegt verkefni enda er hún í boði fyrir alla neytendur og leigjendur. Það vantar hins vegar mikið upp á að framlög frá opinberum aðilum standi undir rekstri þjónustunnar og því fara félagsgjöld félagsmanna að hluta til í það. Þess má geta að Neytendasamtökin hafa í gegnum árin rekið skrifstofu á Akureyri. Því fylgir vissulega ákveðinn kostnaður en samtökin leggja áherslu á að sinna landsbyggð jafnt sem höfuðborgarsvæði.

Rekstur samtakanna hefur alla tíð verið þröngur og félagsmönnum hefur farið fækkandi á sama tíma og stuðningur hins opinbera vegna þjónustusamninga hefur dregist saman. Neytendasamtökin hafa þó ekki síður mikilvægu hlutverki að gegna í dag og þegar þau voru stofnuð árið 1953. Styrkur til samtakanna væri því afar vel þeginn.

Fyrir hönd Neytendasamtakanna

Stefán Hrafn Jónsson varaformaður NS

---

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdarstjóri NS

---